



Kaldrananeshreppur.

Matvælaráðuneytið
Borgartúni 26
105 Reykjavík

Drangsnæs, 4. janúar 2024.

Erindi: Úthlutun byggðakvóta á fiskveiðiarinu 2023/2024

Kaldrananeshreppur sækir hér með um að eftirfarandi sérreglur við reglugerð um byggðakvóta, gildi fyrir úthlutun byggðakvóta til útgerða í Kaldrananeshreppi.

Á sveitarstjórnarfundum þann 30.12.2023 er bókaður vilji að sama fyrirkomulag verði í gildi og eins og undanfarin ár.

Sveitarstjórn telur mikilvægt að nýliðum sé gert kleift að tryggja rekstrargrundvöll sinn með því að skipta hluta aflaheimildina á báta og slík nálgun skapi meiri sátt um ráðstöfun aflaheimilda í byggðarlaginu en ef almenna reglugerðin væri notuð.

sbr. sérregla sem áður hafa verið í gildi í Kaldrananeshreppi.

(breyting á viðmiðun um úthlutun, löndunarskylda).

- a. Ákvæði 1. máls. 1. mgr. 4. gr. reglugerðarinnar breytist og verður: Skipting þess aflamarks, sem nú kemur í hlut byggðarlags, auk þess aflamarks byggðarlagsins sem kann að vera eftir af úthlutun fyrra fiskveiðiárs, skal að öðru leyti fara fram til einstakra fiskiskipa sem uppfylla skilyrði 1. gr., sbr. og reglur um sérstök skilyrði fyrir úthlutun byggðakvóta í einstökum sveitarfélögum sem ráðuneytið staðfestir samkvæmt 2.-3. gr., eftir því sem við á, og skal skipt þannig að 30% byggðakvótans skiptist jafnt milli skipa þó ekki meira í þorskígildum talið en viðkomandi bátur landaði í þorskígildum á Drangsnési á fiskveiðiarinu 2023/2024 og 70% skipt hlutfallslega til sömu skipa af því aflamarki sem fallið hefur til Drangsnæs, miðað við allan landaðan botnfiskafla á



Kaldrananeshreppur.

Drangsnesi í tegundum sem hafa þorskígildisstuðla, í þorskígildum talið, á tímabilinu 1. september 2023 til 31. ágúst 2024.

- b. Ákvæði 1. málsl. 1. mgr. 6. gr. reglugerðarinnar breytist og verður: Fiskiskipum er skylt að landa á Drangsnesi þeim afla sem telja á til byggðakvóta Drangsness og til vinnslu innan Drangsness á tímabilinu frá 1. september 2023 til 31. ágúst 2024.

Virðingarfyllt

F.h. Kaldrananeshrepps



Hildur Aradóttir, þjónustustjóri